




Reykjavík, 5. maí 2026
USK25080158

Fossagata 14 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 21. ágúst 2025 var lögð fram fyrirspurn Sindra Snæs Ómarssonar, dags. 14. ágúst 2025, um stækkun lóðarinnar nr. 14 við Fossagötu. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 05.05.2026



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Loftmynd

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingin á Fossagötu 14 borgarhluta 1 og er hluti af íbúðarsvæði 6.

Deiliskipulag/ Hverfisskipulag: Ekkert deiliskipulag eða hverfisskipulag er í gildi fyrir Fossagötu 14.

Umsögn

Húsið á lóð nr 14 við Fossagötu er einlyft hús með risi sem stendur á eignarlóð. Með húsinu fylgir bílskúr sem er utan lóðar en tilheyrir Fossagötu 14 í fasteignaskrá. Eigendur vilja stækka lóðina þannig að hún nái til þessa bílskúrs.

Bílskúrin hefur frá því að byggð hófst við Fossagötu alltaf tilheyrt Fossagötu 14 sem sést glögglega á eldri loftmyndum og uppdráttum. Hinsvegar hefur lóðin aldrei náð til skúrsins.

Lóðin er í dag skráð 450 fermetrar. Eftir stækkun yrði lóðin 600 fermetrar og yrði stækkunin öll til norðurs.

Umsóknaraðilum bent á að hafa samband við lodir@reykjavik.is varðandi það að semja um útfærslu á lóðarstækkun og gerð lóðarleigusamnings.

Umsóknaraðili spurði einnig um landskika austan við húsið hvort stækka megi lóðina út í það land. Það er land í eigu Isavia og því ekki í umsjón Reykjavíkurborgar.

Niðurstaða

- Ekki er gerð athugasemd við stækkun lóðar til norðurs.



Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfalli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Britta Magdalena Ágústsdóttir
verkefnastjóri



Reykjavík